

Sköpun

Svo hver nemandi fái að sýna hvað í honum býr



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Þróunarverkefni í Grunnskólanum í Stykkishólmi 2019-2020
Kristbjörg Hermannsdóttir verkefnastjóri

Upplýsingar um verkefnið

Nafn verkefnis: Sköpun. Svo hver nemandi fái að sýna hvað í honum býr.

Nafn skóla: Grunnskólinn í Stykkishólmi

Verkefnastjóri: Kristbjörg Hermannsdóttir

Skólastjóri: Berglind Axelsdóttir

Númer samnings: UMS-59

Úthlutun: 2019-2020

Hvað er Sköpun?

Námsgreinin sköpun varð til á vormánuðum árið 2017 þegar þrír af verk- og listgreinakennurum skólans voru beðnir um koma með hugmynd að nýju fagi til að auka vægi þeirra greina í samræmi við aðalnámsskrá og viðmiðunarstundatöflu. Stjórnendur vildu jafnframt auka val hjá yngstu nemendum skólans sem hefur tekist nokkuð vel í þessu formi og þar að auki fá nemendur enn meiri þjálfun í skapandi vinnu. Þeir sem að faginu hafa komið hingað til tala allir um aukið sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum, aukna möguleika á samþættingu námsgreina og enn meiri gleði í kennslunni.

Veturinn 2017-2018 riðum við á vaðið með yngsta stig, þ.e. 1. - 4. bekk. Nemendur voru 77 talsins og hópstjórar 6. Vinnan var gefandi og mikill eldmóður í hópnum enda óplægður akur framundan. Þema þess vetrar var margvíslegt s.s. fjaran, eldur og ís, tækni og vísindi og árshátíðin, svo eitthvað sé nefnt.

Veturinn 2018-2019 bættum við miðstigi inn í sköpun og fluttum 4. bekk upp um stig sem reyndist ekki góð ákvörðun. Dýnamíkin frá árinu áður dvínaði ögn en engu að síður áttu hvor hópur um sig nokkra góða spretti með fjölbreyttu þema.

Markmið verkefnisins

Sú færni sem talið er að nemendur munu þurfa á að halda í framtíðinni fæst ekki einungis með hefðbundnu skólabókanámi. Það er trú okkar að lykilhæfni skipi þar stóran sess. Skapandi vinna með frjálstan efnivið er tilvalin leið til að efla lykilhæfni nemenda. Í flestum verkefnum hafa nemendur frjálssar hendur um sköpunarverk sitt án þess að krafa sé gerð um afrakstur.

Ferlið sem slíkt eflir:

- skapandi hugsun, því ekki er um fyrir fram ákveðið ferli að ræða eða leiðbeiningar frá kennara heldur ætlast til að nemendur fari sínar eigin leiðir með opinn efnivið
- sjálfstæði, með því að litlar sem engar leiðbeiningar eru frá kennara þurfa nemendur að sýna sjálfstæði og bera ábyrgð á ferlinu
- frumkvæði, eftir því sem nemendur hafa vanist ferlinu hefur frumkvæði þeirra aukist enda gera þeir sér grein fyrir hve möguleikarnir eru margir og kennarar velviljugir að koma til móts við þá
- þrautseigju, þegar nemendur sjá fyrir sér útkomu verkefnisins hafa þeir sýnt meiri þrautseigju en í hefðbundnu skólastarfi, enda eru þeir við stjórnvölinn

- samskiptahæfni, nemendur vinna gjarnan í hópum og þurfa að hjálpast að við úrlausn verkefna
- vellíðan, nemendur hafa sýnt tilhlökkun fyrir tímum og þykir miður að missa af þeim.

Síðast en ekki síst er markmið sköpunar á þessu ári með tilkomu styrkjar úr Sprotasjóði að styrkja enn frekar samstarf skólanna í Stykkishólmi.

Skipulag og utan um hald verkefnisins

Verkefnastjóri sá um vikulega fundi á báðum stigum. Á fundum var tekið stöðumat á þeim verkefnum sem voru í gangi hverju sinni auk þess sem hópstjórar tóku sameiginlega ákvörðun um næsta þema og framkvæmd þess. Það var hlutverk verkefnastjóra að miðla öllum upplýsingum og koma þeim til hlutaðeigandi aðila hvort sem um var að ræða, hópstjóra, umsjónakennara, stuðningsfulltrúa, stjórnendur eða annarra starfsmanna í grunnskólanum, leikskólanum og tónlistarskólanum. Verkefnastjóri hafði milligöngu um og eða umsjón með uppsetningu sýninga þegar verkefni kölluðu á slíkt. Eins var skipulag í kringum aukna samvinnu skólanna sem og árshátíðaruppbrotsvikan í höndum verkefnastjóra.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Áhugasömum kennurum var boðið að vera með í báðum sköpunarteymunum. Án jákvæðni, sveigjanleika og vinnusemi þeirra hefði verkefnið aldrei náð því flugi sem raun bar vitni um.

Sköpunarteymi yngsta stigs samanstóð af:

- Gunnari Gunnarsyni verkgreinakennara (myndlist)
- Kristbjörgu Hermannsdóttur verkgreinakennara (textílmenn)
- Ragnheiði Sveinsdóttur verkgreinakennara (smíðar og heilsa/vellíðan)
- Steinunni Maríu Þórsdóttur umsjónakennara (4.bekkur umsjón)
- Sigríði Silju Sigurjónsdóttur leiðbeinanda (samfélagsfræði og stærðfræði)
- Unu Særúnu Karlsdóttur verkgreinakennara (smíðar og heimilisfræði)

Sköpunarteymi miðstigs samanstóð af:

- Gunnari Gunnarsyni verkgreinakennara (myndlist)
- Kristbjörgu Hermannsdóttur verkgreinakennara (textílmenn)
- Ragnheiði Sveinsdóttur verkgreinakennara (smíðar og heilsa/vellíðan)
- Unu Særúnu Karlsdóttur verkgreinakennara (smíðar og heimilisfræði)
- Örnunni Sædal umsjónakennara (5.bekkur umsjón)

Við héldum í skipulagið eins og við höfum þróað það síðust tvö skólaár. Valið felst í því að nemendur velja sér á stöð í hverju þema fyrir sig. Fjöldatakmarkanir voru alla jafnan á hverja stöð og því kom það upp endrum og eins að nemandi var settur á stöð sem hann hafði ekki áhuga á. Oftast var hægt að hagræða og koma til móts við viðkomandi. Umsjónakennari hélt utan um valið og passaði upp á að allir

hefðu tækifæri oftar en einu sinni yfir veturinn að vera framalega í valinu og hafa þ.a.l. möguleika á að velja nákvæmlega eftir áhuga.

Með tilkomu styrksins var möguleiki að ígrunda betur allan undirbúning og utan um hald þar sem verkefnastjóra var gefinn tími í þá vinnu. Verkefnastjóri lagði viðhorfskannanir fyrir nemendur sem höfðu þar af leiðandi meira um það að segja hvað ætti að bjóða upp á yfir veturinn. Hópstjórar tóku einnig ákvarðanir um að endurtaka sumar stöðvar sem reyndust vinsælli en aðrar þannig að fleiri fengu tækifæri til að prufa.

Með auknum tíma í stundatöflu verkefnastjóra opnaðist einnig möguleikinn á samstarfi skólanna í Stykkishólmi og náðum við að samþætta í allt 3 verkefni.

Þema og stöðvar veturinn 2019-2020 í sköpun yngsta stigs og miðstigs.

Yngsta stig - þema	Stöðvar	Miðstig - þema	Stöðvar
Haustvindar	Málum bæinn rauðan Tónlist, hljóð, ljóð, myndbönd og vinnsla Allt í bland Gaman saman	Haust	Leikur að litum Vindmyllur Ljósmyndun og myndvinnsla Tónlist, hljóð og tölvuvinnsla Af fingrum fram
Eitt og annað	Stimplar og áferð Upp á eigin spýtur Mitt eigið púsl Dýragarðurinn Hár og förðun Náttúruleg verk	Tækni og nýjungar	Nýsköpun Tækjætætingur og lóðun
Maxi mús	Söngur og textaspjöld Klippimyndir Sagan um Maxa mús Tré mús Pappa hljóðfæri Söngur og Mussila Veifur Kórónur og leir	Úr ýmsum áttum	Rafmagnsleiðni Falsanir Kertagerð Áferð Ruslaföt
Skrímshin	Bökuð skrímsli Máluð skrímsli Kubbuð skrímsli Pappamassa skrímsli Saumuð skrímsli Skrímshin úr verðlausum efnivið	Gamalt og nýtt	Ljósmyndun og myndvinnsla Pappahús Kertagerð Dans Ruslaföt
Jólagjöfin mín	Fimm fjölbreytt verkefni sem nemendur völdu á milli. Stöðvar án fjöldatakmærkana þar sem um gjafir var að ræða. Klemmur Blómapottar Tunguspaðar Piparkökubakstur Saltleir	Unglingajól	Fimm fjölbreytt verkefni sem nemendur völdu á milli. Stöðvar án fjöldatakmærkana. Jólaort með rafleiðni Nýir jólatextar, myndbönd og rafrænar jólakeðjur Jólaperl Piparkökubakstur Jólavélsaumur

Leikrit	Skuggaleikrit Brúðuleikrit Stuttmyndir Leikið leikrit á sviði Puppetpals sögur	Bland í poka	Tilraunir með textíl Ísskápastríð Silfursmíði Gifsstytur Tæknistöð
Árshátíðar vika	Sjá skýringar í texta.	Árshátíðar vika	Sjá skýringar í texta.
Sitt af hvoru tagi	Útvarpsþáttur Minecraft Kúluþrautabrautir Gagnamagnshljóðfæri Trébátar Ýmislegt í eldhúsinu	Hitt og þetta	Tæknistöð Gagnamagnshljóðfæri Silfursmíði Ísskápastríð Rube Goldberg brautir

Yngsta stig

Nánari útskýring á nokkrum verkefnum.

Haust

Samþætt verkefni með leikskólanum.

Við hófum skólastarfið á sameiginlegu þema, haustvindar. Að gefinni reynslu síðustu tveggja ára þá ákváðum við að blanda einungis 1. bekk saman við leikskólabörnin. Það hefur reynt 1. bekk nógu vandasamt að byrja í skólanum hingað til svo því sé ekki bætt við að tvístrast út um allt í sköpun í fyrstu vikunni. Við byrjuðum á því að fara í skógarferð og unnum m.a. úr þeim efnivið sem við sóttum. Í lok þeirrar vinnu var sett upp skemmtileg sýning í gluggum verslunar Skipavíkur og var sú sýning auglýst vel og reyndist fjölsótt.




Haustvindar

Maxímús Músíkús

Samþætt verkefni með leik- og tónlistarskóla.


Annað stóra samþætta verkefnið var undirbúningur komu tónlistarmúsarinnar Maxímús Músíkús í Hólminn. Hlutverk tónlistarskólans var að velja, undirbúa og æfa þá nemendur sem sáu um tónlistarflutning á sýningunni. Leikskólinn og grunnskólinn unnu fjölbreytt verkefni í hringekju. Hóparnir voru aldursblandaðir og voru markmið stöðvanna t.d. að læra lögin og textana sem sungin voru á sýningunni, kynast hljóðfærum og vinna með þau í tvívíðum verkum og búa til tónlistartengt skraut sem prýddi sjálfan hátíðarsalinn á sýningunni.



Maxímús músíkús

Skrímšli

Skrímslaþemað vakti mikla lukku hjá yngsta stigi. Nemendur völdu sig inn á eftirtaldar stöðvar: Bökuð skrímsli, máluð skrímsli, kubbuð skrímsli, pappamassa skrímsli, skrímsli úr verðlausum efnivið og saumuð skrímsli. Nemendur höfðu val um að skrifa um skrímslin sín. Sumir skrifuðu sögur og eða lýsingu á helstu einkennum. Í lok þema buðu nemendur aðstandendum sínum á skrímslasýningu þar sem nemendur hjálpuðu til við uppsetningu á sýningunni og sáu sjálfir um kynningu.



Skrímslin

Leikrit


Í ljósi þess að ekki yrði af hefðbundinni árs hátíð þetta skólaárið, brugðum við á það ráð að bjóða upp á leiklistarþema. Nemendur völdu sig inn á stöðvar eftir áhuga þar sem engar fjöldatakmarkanir voru hafðar. Boðið var upp á: skuggaleikrit, brúðuleikrit, stuttmyndir, hefðbundið leikrit á sviði og puppetpals sögur/leikrit. Útkoman var skemmtileg og fjölbreytt og nutu nemendur þess að horfa á verk hvors annars á stuttri sýningu sem haldin var við lok verkefnisins.

Miðstig

Nánari útskýring á nokkrum verkefnum.

Haust


Miðstigið byrjaði skólaárið á fjölbreyttum stöðvum sem voru á einn eða annan hátt tengdar árstíðinni. Fimm námsgreinar; myndmennt, tæknimennt, upplýsingatækni, tónmennt og textílmennt lágu til grundvallar þeim óhefðbundnu verkefnum sem nemendur gátu valið á milli. Heiti stöðvanna er listað upp í töflunni hér að ofan en myndirnar sem fylgja gefa betri innsýn í það sem m.a. var unnið með.




Haust

Tækni og nýjungar

Í þessu þema gátu nemendur valið á milli nýsköpunar og tækjatættings með lóðun. Í nýsköpun var farið markvisst í kynningu á faginu ásamt því að segja nemendum frá árlegri Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Með þessu vildum við kanna áhugann í nemendahópnum og opna á þann möguleika að nemendur skólans myndu taka þátt. Margar skemmtilegar hugmyndir urðu til í þessari vinnu og var þeim stillt upp til sýnis á göngum skólans. Þrátt fyrir að vinnan hafi gengið vel og nemendur sátir þá setti enginn stefnuna á Nýsköpunarkeppnina þetta árið. Í tækjatæting var safnað saman töluverðu magni af tölum og raftækjum. Nemendur fengu síðan frjálsar hendur við að skrúfa tækin í sundur með þar til gerðum áhöldum. Þegar tækin voru orðin að fjölbreyttum efnivið var hafist handa við að hanna hluti úr pörtunum. Lóðun var nýjung sem við lögðum inn og notuðu nemendur þá tækni ásamt límbýssu til að festa partana saman.





Tækni og nýjungar

Bland í poka

Eins og nafnið gefur til kynna kenndi ýmissa grasa í þessu þema. Nemendur gátu valið milli þess að gera tilraunir með textíl, fara í ísskápastríð í heimilisfræðistofunni, kynna silfursmíði, vinna með gifs og spreya sig í forritun svo eitthvað sé nefnt. Kennarar lögðu fyrir hvern hóp að setja saman kynningu á sinni stöð og lukum við þemanu með því að segja hvort öðru frá því sem við höfðum lært. Þar að auki voru kennslurými hópanna opnuð og boðið á verklega kynningu þar sem nemendur fengu sjálfir að spreya sig á verkefnum hvors annars.



Bland í poka

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Árshátíð varð að árshátíðaruppbrotsviku þar sem að framkvæmdir stóðu yfir í félagsheimilinu okkar. Hefðbundin árshátíð hefur hingað til verið leiksýning með atriðum allra bekkja þangað til að sköpun tók verkefnið yfir í tveimur áföngum fyrir tveimur árum og nemendur völdu sig inn á atriði eftir áhuga. Uppbrotsvikan var því óhefðbundin að öllu leyti. 1.- 6. bekk var skipt í hópa og vann hver hópur að gerð ákveðinna þrauta, mest úr verðlausum efniviði. Þrautirnar urðu síðan uppistaðan í leikum sem haldnir voru á loka deginum. Nemendur fengu að sjálfsgöðu sitt árshátíðarball í þessari viku. Sú nýbreytni var tekin upp í samstarfi við tónlistarskólann að bjóða tveimur skólahljómsveitum að spila og féll það vel í kramið. Margt gott kom út úr þessu verkefni og af því drögum við líka heilmikinn lærdóm.

Fljótlega eftir áramót opnaðist óvæntur möguleiki á meiri kennslu á sviði tækni þar sem að Óðinn Burkni Helgason kerfisfræðingur setti sig í samband við skólastjórnendur. Ég fékk þetta verkefni í hendurnar og eftir miklar vangaveltur og marga fundi sá ég möguleika á framkvæmd og fjármögnun. Niðurstaðan var hópur innan sköpunar miðstigs sem fékk nafnið tæknistöðin. Verkefnið sem hópurinn vann að var gamli miðbærinn í Stykkishólmi. Grunnurinn var A1 loftmynd af bænum, þrívíddaprentuð hús í réttum hlutföllum og rafvæðing á svæðinu í formi ljósa og farartækja sem voru forrituð.

Arna Sædal kennari tók þennan hóp að sér og sáum við tækifæri í markvissri endurmenntun sem myndi nýtast skólanum í framtíðinni. Hlutverk Óðins var tengdur forritun en auk hans fengum við Sigurbjart Loftsson byggingafræðing sem leiðbeindi bæði Örnun og nemendum við tölvuteikningu og þrívíddarprentun.

Vegna þeirra hafta sem COVID 19 hafði í för með sér var kennsla í sköpun stöðvuð tímabundið. Af þeim sökum náðum við m.a. aldrei að komast í forritunar hluta þessa verkefnis en vonir standa til að halda því áfram á næsta skólaári en ef til vill í breyttri mynd.

Hindranir

Í upphafi skólaárs kom það í ljós að börn með frávik áttu oft á tíðum erfitt með skipulagið í sköpun. Til að koma til móts við þau héldum við alla jafnan inni einni stöð sem við kölluðum hvíldarstöð þar sem stuðningsfulltrúi var til taks öllum stundum og nemendur nýttu sér eftir þörfum.

Það kallar á mikið skipulag, gott utan umhald og yfirsýn að halda dampni í þverfaglegri námsgrein eins og sköpun. Forföll starfsfólks varð oft þung byrði þar sem erfitt reyndist að manna í stöðurnar. Sem verkefnastjóri hafði ég afskipti af þessum þáttum hvort sem það var í mínum verkahring eða ekki því það skipti mig máli að allt gengi upp. Ég stóð líka oft frammi fyrir óvissu vegna verkefna sem féllu utan hefðbundinnar kennslu og undirbúnings. Ég átti oft erfitt með að átta mig á í hvaða tilfellum ég mátti biðja um aðstoð t.d. til að koma í veg fyrir tvíbókanir hjá sjálfri mér. Skipulag sem raskaði hefðbundinni stundaskrá gat líka verið flókið því markmiðið var alltaf að halda mér innan vinnuramma starfsfólks.

Samstarfið við skólana í bænum var skemmtileg áskorun og tókst að mörgu leiti vel. Í kringum stærri verkefni voru vinnutarnir hjá mér langar sem sjálfkrafa setti mér ákveðin mörk. Eins kom það berlega í ljós t.d. í Maxamús þemanu að aldursmunurinn milli leikskóla og 4. bekkjar var of mikill til að sömu verkefni vektu áhuga hjá þeim yngstu og elstu.

Ávinningur og mat á verkefninu

Mannauðurinn er það sem stendur upp úr að mínu mati sem verkefnastjóri. Samvinna hvors sköpunar teymis fyrir sig var ótrúlega dýnamísk. Þó að fundirnir væru í lok vinnudags og allir þreyttir spruttu hugmyndir upp eins og gorkúlur eftir stutt samtal. Hópurinn var samstilltur, úrræðagóður og einstaklega sveigjanlegur. Sköpun sem námsgrein er að mínu mati fyrst og fremst starfsfólkið sem kemur að greininni og stjórnendur sem styðja skilyrðislaust við hana. Þetta tvennt þarf að hanga saman til að ná góðum árangri og þannig var það í vetur hjá okkur.

Að efla tengsl og samtal allra skólanna í Stykkishólmi var rauði þráðurinn í þessu verkefni. Samþættingin í vetur verður vonandi til þess að við höldum áfram samvinnunni og breytum og bætum eins og við á. Að gefinni reynslu er það mitt mat að verkefnastjórn sé nauðsynleg til að halda utan um námsgreinina sköpun í þeirri mynd sem við settum hana fram þetta skólaár sem senn er á enda. Verkbættir eru fjölmargir innan skólans að viðbættu auknu samstarfi sem glæðir skólustarfið enn meira lífi.

Kynning á verkefninu

Verkefnið var kynnt jafnt og þétt yfir veturinn. Reglulega voru birtar myndir með stuttum fréttatilkynningum bæði á heimasíðu sem og Facebooksíðu skólans.

Sýning á afrakstri vinnu nemenda í þemanu haust var sett upp í gluggum verslunar Skipavíkur við Aðalgötu í Stykkishólmi. Sýningin var vel kynnt á samfélagsmiðlum sem og í póstum til foreldra bæði í leik- og grunnskóla og var vel sótt.

Maxímús sýningin náði að sama skapi eyrum og augum fjölda manns því þrátt fyrir að vera ekki opin almenningi naut t.d. yngri hópur leikskólans góðs af.

Við lok fjórða þema yngsta stigs, skrímsli, var haldin sýning á afrakstrinum í sýningarsal Amtbókasafnsins, þar sem aðstandendum nemenda var boðið að koma. Nemendur sáu sjálfir um að kynna viðburðinn og höfðu margir nemendur skrifað bæði kynningar og sögur um skrímslin sín. Þessi viðburður var að sama skapi mjög vel sóttur.

Miðstigið sýndi afrakstur nýsköpunar á göngum skólans með tilheyrandi greinagerðum og vakti það mikla lukku og forvitni. Eins hefur tæknistöðin haldið sínum bakhjörllum upplýstum því með þeirra framlagi í formi styrkja gátum við ýtt því verkefni úr vör.

Dagsetning: 20.05.2020


Undirskrift verkefnisstjóra


Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla

Grunnskólinn
í Stykkishólmi